

að einu skotið flugeldunum af uppgefnu tilefni, hefði hann gert sér grein fyrir þeirri hættu á misskilningi, sem því var samfara. Verður því ekki séð, að sagnæmiskröfur 120. gr., sbr. 18. gr. hgl. séu uppfylltar, og ber því að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessari niðurstöðu greiðist kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Jóns Sveinssonar hdl., úr ríkissjóði, og þykja þau hæfilega ákveðin kr. 4.000.-

D ó m s o r ð:

Ákærði, Magnús Hákon Ólafsson, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins.

Kostnaður sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Jóns Sveinssonar hdl., kr. 4.000.-, greiðist úr ríkissjóði.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1984.

Nr. 66/1982. **K.M. Húsgögn h/f**

(Guðmundur Markússon hrl.)

gegn

Guðleifi Sigurðssyni

(Skarphédinn Þórisson hrl.)

Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 17. mars. 1982. Dómkröfur hans eru þær, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og stefnda gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði úrskurður er kveðinn upp án forsendna, sbr. 190. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 40. gr. laga nr. 28/1981.

Með samningi, dagsettum 8. janúar 1982, seldi stefndi áfrýjanda á leigu iðnaðarhúsnæði á efri hæð hússins nr. 38 við Smiðjuveg í Kópavogi. Skyldi leigutími vera frá 1. febrúar 1982 til 31. janúar 1991.

Er samningur þessi var gerður, hafði Hafsteinn Hjaltason, Keilufelli 27, Reykjavík, umráð yfir húsnæðinu skv. leigumála 31. maí 1980, er gilda átti til 1. júní 1983. Þessa samnings er hvergi getið í leigusamningi stefnda við áfrýjanda, en stefndi mun hafa ætlað sér að fá Hafstein Hjaltason til að gefa eftir samningsrétt sinn vegna vanskila á leigu. Er það tókst eigi, sendi stefndi hinn 14. janúar 1982 áfrýjanda símskeyti, þar sem leigusamningur þeirra frá 8. janúar 1982 er ógiltur „vegna brostinna forsendna.“

Hinn 19. janúar 1982 reit lögmaður áfrýjanda stefnda bréf, þar sem hann mótmælti einhliða uppsögn leigusamningsins og krafðist þess að fá umráð húsnæðisins þegar í stað, að öðrum kosti mundi hann neyta réttar síns með aðstoð fógeta. Eigi varð stefndi við þessari kröfu.

Hinn 1. febrúar 1982 reit lögmaður áfrýjanda bæjarfógetanum í Kópavogi bréf, þar sem hann beiddist þess að verða „settur inn í leiguafnot í iðnaðarhúsnæði að Smiðjuvegi 38, Kópavogi, þ.e. alla efri hæð hússins.“

Hinn 12. febrúar 1982 kvað fógeti upp úrskurð í málinu þess efnis, að innsetningar var synjað og áfrýjanda gert að greiða stefnda 2.500.00 krónur í málskostnað.

Með samningi, dagsettum 8. mars 1982, seldi nú stefndi Gardari Sigurgeirssyni, Logalandi 25, Reykjavík, framangreint iðnaðarhúsnæði á leigu frá 1. mars 1982 til 1. mars 1985.

Er áfrýjandi frétti þetta, hafði hann samband við Gardar, sýndi honum leigusamning sinn frá 8. janúar 1982 og fékk hann til að láta sér eftir umráð húsnæðisins. Samkvæmt málflutningi fyrir Hæstarétti fluttist áfrýjandi í húsnæðið 15. mars 1982. Sú athöfn áfrýjanda verður, eins og hér stendur á, ekki samþýdd áfrýjun málsins. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaréttar Kópavogs 9. febrúar 1982.

Hin umbeðna gerð skal ekki fara fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 2.500.- í málskostnað.

Rúnar Mogensen fulltrúi kvað upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Gerð þessi fer ekki fram.

Gerðarbeiðandi greiði gerðarþola kr. 2.500.- í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 28. febrúar 1984.

Nr. 36/1984. X

gegn

Valdstjórninni

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur með kæru 20. febrúar 1984 skotið úrskurði sakadóms Reykjavíkur 17. febrúar s.á. til Hæstaréttar, en úrskurðurinn var birtur 20. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Frá ríkissaksóknara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta er kært til Hæstaréttar samkvæmt heimild í 171. gr., 3. tölulið, laga nr. 74/1974, sbr. 2. gr., 4. tölulið sömu laga, sbr. og 13. gr., 1. mgr., laga nr. 75/1973. Ríkissaksóknari hefur eigi veitt leyfi til kæru þessarar, sbr. upphaf 171. gr. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.